

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2021
Tilvísun ÞÍ: 2021020530/5.0

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lámarsíbúafjöldi sveitarfélaga), 378. mál.

Hér á eftir fara þær athugasemdir sem Þjóðskrá Íslands telur rétt að koma að vegna frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lámarsíbúafjöldi sveitarfélaga).

Í upphafi er rétt að gera grein fyrir verkefnum Þjóðskrár Íslands í aðdraganda íbúakosninga á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. einnig laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Frumvarpið verður ekki skilið á annan veg en verði það samþykkt muni það verða til þess að kosningar um sameiningar sveitarfélaga verða mun fleiri á næstu misserum, hvort þær fari fram á sama tíma og almennar sveitarstjórnarkosningar eða á öðrum tíma. Frumvarpið gerir ráð fyrir íbúakosningum um sameiningar sveitarfélaga sbr. X. kafla og XII kafla laga nr. 138/2011. Við íbúakosningar gilda ákvæði 4.-7. gr. og 9.-11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar. Mikilvægt er að hafa í huga að við einar kosningar geti þurft að leggja fram þrjá kjörskrárstofna, líkt og gert var í sveitarstjórnarkosningunum árið 2020 þegar kosið var um nýja sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi sem síðar fékk nafnið Múlaþing. Þar voru lagðir fram þrjár kjörskrárstofnar, einn fyrir kosningar til heimastjórna, einn fyrir kosningu á nýju nafni sameinaðs sveitarfélags og að lokum kjörskrárstofn til kosninga til sveitarstjórnar fyrir sameinað sveitarfélag. Að þessum kosningum undangengnum höfðu svo farið fram sameiningarkosningar þar sem jafnframt var lagður til kjörskrár stofn af hálfu Þjóðskrár Íslands.

Gerð kjörskrárstofns

Þjóðskrá Íslands gefur út kjörskrárstofn og afhendir sveitarfélögunum. Kjörskrárstofn er unnin úr þjóðskrá að teknu tilliti til tiltekinna forsendna. Eitt þeirra verkefna sem fellur til vegna útgáfu kjörskrárstofns þegar um er að ræða kosningar til sveitarstjórna eru umsóknir þeirra Íslendinga sem eru búsettir á Norðurlöndum en eiga kosningarétt á grundvelli laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018.



Utankjörfundarkerfi

Þjóðskrá Íslands rekur „Utankjörfundarkerfi“, en svo kallast skráningarkerfi sýslumanna og sendiráða sem notað er við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Vefur – sveitarfélög og almenningur

Upplýsingavefurinn „Hvar á ég að kjósa“ sem er ætlaður fyrir almenning til uppflettingar í kjörskrárstofni er opnaður þegar endanleg kjörskrá liggur fyrir.

Kjördeildarkerfi sveitarfélaga

Árið 2014 hóf Þjóðskrá Íslands innleiðingu og rekstur vefkerfis fyrir sveitarfélög þar sem haldið er utan um skráningu í kjördeildir og kjörstaði, svokallað „Kjördeildarkerfi“. Upplýsingar úr kjördeildakerfinu eru notaðar við röðun kjósenda í kjördeildir og á kjörstaði hjá sveitarfélögunum.

Vakt í Þjóðskrá Íslands á kjördag

Á kjördag í öllum stærri kosningum er rekin símavakt hjá Þjóðskrá Íslands. Þjónustan felst í ýmiskonar upplýsingagjöf almenns eðlis en einnig eru veittar sérgreindari upplýsingar vegna lögheimilisskráningar og aðstoð ef upp koma vandamál vegna skráningar á kjörskrá.

Samantekt

Að mati Þjóðskrár Íslands er afar mikilvægt að skýrt sé kveðið á um í frumvarpinu hvernig kostnaður vegna kjörskrárvinnslu verður fjármagnaður, verði það á hendi sveitarfélaga sjálfrar eða af sveitarsjóði en ekki verður séð hvernig þessar kosningar eru fjármagnaðar af lestri frumvarpsins. Vinna sem fellur til hjá Þjóðskrá Íslands er nauðsynleg þegar ákveðið er að halda kosningar en getur verið mismikil á milli ára eftir fjölda kosninga en líklegt er að frumvarpið muni fela í sér talsverðan vinnuauka fyrir Þjóðskrá.

Þjóðskrá Íslands getur, sé þess óskað, mætt á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og útskýrt umsögn þessa frekar og jafnframt áskilur stofnunin sér rétt að koma að frekari ábendingum til nefndarinnar á síðari stígum ef þurfa þykir.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur